

- 40** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórn-**
 20. apríl **arinnar á alþingi 1895.** — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefur hans hátign konunginum hinn 18. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinn reglulegu samkomu alþingis 1895 skuli ákveðin 2000 krónur.

Þetta læt jeg ekki hjálða að tjá yður hjermeð þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 41**
 20. apríl

Auglýsing.

(frá landshöfðingjanum)

Með því að yfirmaður hins danska herskips, er hjer var í fyrra, hefur kvartað yfir því, að íslensk fiskiskip á fiskiveiðum innan landhelgi hafi þráfaldlega vanrækt að draga upp flagg, þegar herskipið kom í nánd við þau, og hafi því verið ómögulegt fyrir hann að sjá, nema með óþarfri fyrirhöfn, hverrar þjóðar skipin væru, þá áminnast hjermeð skipstjórar allir á íslenskum þilskipum um það, að draga upp hið danska flagg þegar hið danska eptirlitsskip kemur í nánd við þau.

- 42** **Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sveitarsjóðsreikninga og**
 11. apríl **skýrs'ur um efnahag sveitarsjóða.** — Af skýrslum þeim, er þjer, herra amtmaður, sendið hingað árlega um tekjur og útgjöld sveitarsjóðanna, hef jeg orðið þess var, að reikningsfærslu í sumum hreppum er mjög ábótavant og það svo, að eigi þykir ugglaut, að reikningarnir sjeu allskostar rjettir; auk þess er allmikil ósamkvæmni í reikningsfærslunni í hinum einstöku hreppum á landinu, svo að það hefur eigi verið unnt að fá neina ljósa hugmynd um efnahag sveitarsjóðanna af skýrlum þessum, sem þó hlýtur að vera skilyrðið fyrir, að hagfræðislegar skýrslur um þetta efni nái tilgangi sínum.

Til þess að ráða bót á þessu sendi jeg yður hjermeð eyðublöð fyrir hreppsreikninga með athugasendum, sem jeg vil skora á yður að leggja fyrir sýslumenn í ömtum yðar að sjá um, að framvegis verði notuð við samning á hreppareikningum, og jafnframt því læt jeg einnig fylgja hjer með ný eyðublöð fyrir skýrslu þeirri um efnahag sveitarsjóðanna, sem sýslumenn eiga að semja og senda yður, og ber yður að gæta þess, að sýslumenn vandi skýrslu þessa og sleppi eigi úr heilum dálkum, eins og stundum hefur átt sjer stað að undanfögnu.